

*Dróffessor Ragnar Frisch*

**Aðild að**

**Efnahagsbandalagi Evrópu**  
**er óhyggileg og hættuleg**

PRÓFESSOR RAGNAR FRISCH

**Aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu  
er óhyggileg og hættuleg**

*Fyrirlestur fluttur á Íslandi í júlí 1962*

*Björn Stefánsson þýddi*

REYKJAVÍK - 1962

---

BORGARPRENT

## E F N I S Y F I R L I T

	Bl.
1. Tap og gróði einkafyrirtækja .....	2
2. Varanlegt tap þjóðarhúsins .....	3
a) Hagkerfi Efnahagshandalagsins .....	4
b) Ýmis konar sameipti við lönd handalagsins .....	6
c) Það er auðvelt að hagnast í bili með því að lórna auðlindum .....	9
d) Auðhringarnir nýta hráefna- og orkulindir í látækum löndum til- litlaust .....	11
e) Óþagotshraðsla við að þjóðin tapí á því að vera ekki fullgildur aðili	12
f) Skakkt mat á áhrifum sérhæfingar þjóða .....	13
g) Skakkt mat á skilyrðum fyrir efnahagslegar framfarir .....	13
h) Rómarsamningurinn felur í sér sjálfvirka bremsu .....	14
i) Nú er stöðnun í löndum Efnahagshandalagsins og afturför að hefjast	14
j) Með fullri aðild er lítil þjóð afskörin þeim vaxtarskilyrðum í heims- viðskiptum, sem vert er að tala um .....	15
k) Undanþágur hafa takmarkað gildi .....	17
l) Aðeins það að hefja samninga um fulla aðild er hættulegt lítilli þjóð efnahagslega .....	19
3. Skerðing á félagslegu öryggi .....	20
4. Áfall fyrir lýðræðið .....	23
5. Glötun æðri verðmæta .....	24
6. Fúlsk alþjóðrækni .....	26
7. Forræði Þjóðverja .....	29
8. Heimsfriðnum stafar hættu af hernaðarhandalögum .....	31

## 1. Tap og gróði einkafyrirtækja.

Það liggur í augum uppi, að útflutningsfyrirtæki er hagar í því, að afurðir þess séu tollaðar sem minnst á þeim útflutningsmarkaði, sem fyrirtækið ætlar að flytja á.

Í löndum, þar sem einkafyrirtæki eru ráðandi í atvinnulífinu, hefur hugsunarháttur einkaframtaksins mótað svo fjölda fólks, að hagnaðarútreikningar einstaklinga við útflutning eru algjörlega ríkjandi. Þar með er hugsunin komin á villigötur. Ég kem að þessu síðar. Við skulum þó strax taka fram, að frá sjónarmiði einkafyrirtækisins er því óundeilanlega hagar í því að komast hjá því að borga toll fyrir útflutningsafurðir sínar.

Að sjállsögðu bjóðast einnig framtakssömum atvinnurekanda mikil tækifæri, ef hann fær aðgang að stórum markaði takmarkalaust.

Allt þetta veldur því, að framtakssamur atvinnurekandi í útflutningsgrein lítur svo á, að það sé mikill ávinningur að því, að þjóð hans tengist Efnahagsbandalaginu.

Jafnvel frá sjónarmiði einkarekstrarins fylgja aðild ókostir fyrir útflutningsfyrirtæki. Þegar gengið er í tollabandalag eins og Efnahagsbandalagið, tollabandalag, þar sem stefnt er að því að hækka tolla gagnvart löndum utan bandalagsins á ýmsum sviðum, getur það haft í för með sér auknar tollalögur á þær rekstrarvörur, sem útflutningsfyrirtækið þarf að flytja inn, og til þessa taka fyrirtækin ekki alltaf nægilegt tillit í útreikningum sínum. Þetta getur valdið því, að sá ávinningur, sem útflutningsfyrirtækið fær við niðurfall tolla á útflutningsafurðunum, verður talsvert minni, þegar tap og gróði við að tengjast Efnahagsbandalaginu er reiknaður út.

Þá er ekki síður mikils um vert í þessu sambandi að taka ekki aðeins tillit til *beinna*, heldur einnig *óbeinna* áhrifa. Þó að einkafyrirtæki kunni að nokkru leyti að gera sér ljóst tap, sem þau verða fyrir beint við hætti innflutningstoll á rekstrarvörur sínar, þá er undantekning, að þau gái að hinum óbeinu áhrifum.

Óbeint áhrif koma af því, að útflutningsfyrirtækið þarf til rekstrar síns vöru, sem er framleidd af heimamarkaðsfyrirtæki, og framleiðslukostnaður þessa heimamarkaðsfyrirtækis kann að hafa aukizt vegna ytri tolls Efnahagsbandalagsins. Þar með verða þær vörur, sem heimamarkaðsfyrirtækið selur, útflutningsfyrirtækinu dýrari, þ.e.a.s. framleiðslukostnaður útflutningsfyrirtækisins eykst. Svona áhrif breiða úr sér eins og hringir í vatni. Áhrifin slytjast ekki aðeins frá heimamarkaðs fyrirtæki til útflutningsfyrirtækis, heldur einnig margvíslega milli heimamarkaðsfyrirtækja. Þótt þessi áhrif geti verið lítil hver fyrir sig, þá verða þau samtals býsna mikil. Með viðeigandi reikningsaðferðum af þeirri gerð, sem við köllum á norðu kryslopsmetode, má reikna út þessi áhrif.

Þetta er tap, sem einkafyrirtæki verða fyrir og þau taka eftir, þegar þau gera upp reikninga í árslok. En þau munu ekki geta séð nákvæmlega, hvernig tapið hefur myndast. Þau munu bara í almennum orðum kvarta yfir því, að „framleiðslukostnaðurinn hefur aukizt.“

## 2. Varanlegt tap þjóðarbúsins.

Það er mikilvægt, að gera sér þess grein, að það er margskonar tap, sem einkafyrirtæki verða fyrir án þess að skilja það sjálf. Þar af leiðir, að við verðum að líta á málið frá sjónarmiði heildarinnar. Að þessu skal ég vikja nánar.

Ég er alveg sannfærður um það, að frá þjóðhagssjónarmiði verða áhrifin af aðild að Efnahagsbandalaginu svo til eingöngu tap, að minnsta kosti til lengdar. Það er saunfæring

mín, að það er af sjómvillu, að svo margir halda, að þjóðin í heild eigi að geta hagnast verulega á aðild að stórum markaði, sem er byggður upp eins og Efnahagsbandalagið er byggt upp í Rómarsamningnum. Ég ætla að víkja að nokkrum mikilvægustu ástæðunum, sem hafa leitt mig að þessari niðurstöðu.

a) *Hagkerfi Efnahagsbandalagsins.*

Efnahagsbandalagið eins og það er orðið til í Rómarsamningnum frá því í marz 1957 er stórkostleg tilraun til að endurlífga og styrkja það, sem kalla má hið óupplýsta peningaveldi. Þetta er stutt og laggott heiti, sem nú er notað í hagfræðimáli.

Hið óupplýsta peningaveldi er skipulag, þar sem markaðurinn er frjálst, þar sem auðvaldið hefur frjálst svigrúm bæði innanlands og milli landa, þar sem réttur til atvinnurekstrar er frjálst, þar sem hrein gróðasjónarmið einstaklingsins ákveða hvað sé „besta“ fjárfestingin o.s.frv. Þetta óupplýsta peningaveldi var það skipulag, sem á sínum tíma leysti hið upplýsta einveldi konunganna af hólmi. Peningaveldið átti að atarfa svo sjálfkrafa, að það þarfnæðist engrar upplýsingar.

Kjör manna síðari hluta 19. aldar og fyrsta hluta 20. aldar voru slæm, og einkum var kreppan þó hræðileg og atvinnuleysið í nærri öllum löndum á árunum eftir 1930. Sú bitra reynsla neyddi stjórnámálamenn, já meira að segja fíaldssama hagfræðinga til að játa, að það yrði að lagfæra hið óupplýsta peningaveldi. Það leiddi til þess, að menn tóku upp áætlunarbúskap í meira eða minni mæli í ýmsum löndum og lögðu mikla áherzlu á velferð almennings.

Rómarsamningurinn er andóf á móti þessu. Greinar Rómarsamningsins bera með sér, að það er grundvallarhugsun bandalagsins að endurlífga og styrkja hið óupplýsta peningaveldi.

Sumir munu kunna vel hinu óupplýsta peningaveldi.

aðrir miður. Eu hvað sem því líður, þá verðum við í umræðum okkar að gera okkur fyllilega ljóst, að það er *þetta veldi*, sem er kjarni Rómarsamningsins.

Í grein 3 í stendur til að mynda, að stofnað skuli hagkerfi, þar sem „la concurrence n'est pas faussée“. Orðið *faussée* er franska orðið, sem notað er um það, þegar hlutur er hindraður í að starfa samkvæmt eðli sínu. Orðið er til dæmis notað í frönsku um eitthvað, sem hindrar lás í að verka eins og hann á að verka. Í greinum 42a og 42b – sem skýrgreina undanþágu frá hinni almennu reglu – er orðið *la concurrence* notað í sama skilningi. Og sama á við um aðra staði í samningnum.\*)

Undantekningar má aðeins gera í tilvikum, sem eru sérstaklega tekin fram í samningnum og varða landbúnað og sjávarútveg. Ráð bandalagsins ákveður í hverju tilviki, hvort undanþágu má veita og þá eftir ósk frá embættismönnum, sem stjórnað er af framkvæmdanefndinni, sem situr í Brüssel. Í mikilygari málum þarf veginn meirihluta í Ráðinu, þ.e.s. atkvæði stóru landanna, Þýskalands, Frakklands og Ítalíu vega meira en atkvæði smáþjóðanna. Reglurnar eru í 148. grein.

▲ Margs konar misskilningar í umræðum um Efnahagsbandalagið stafar af því, að menn hafa ímyndað sér, að allt, sem ekki er bannað í samningnum sé leyft. Í rauninni á hið gagnstæða við, það eru aðeins þær undantekningar, sem teknar eru fram í samningnum, sem leyfðar eru.

Annað einkenni á Efnahagsbandalaginu er, að lönd, sem í því eru, mynda einingu án tolla sín á milli, en með tollmórum gagnvart umheiminum. Ég kem síðar að því, hverju það skiptir, að bandalagslöndin eru á margan hátt í andstöðu

\*) Að það er hið frjálsa markaðskerfi, sem á að ræða, kemur meðal annars fram af grein 110, þar sem stendur, að það eigi að gera fyrirtækin í löndunum samkeppnishæfari. Það er ekki lalað um samkeppnishæfni leodanna, heldur samkeppnishæfni fyrirtækjanna.

við önnur lönd veraldar, mér liggur við að segja, að þau hafi fylkt liði gegn þeim.

b) *Ýmis konar samskipti við lönd bandalagsins.*

Sá mun tæplega til, sem óskar þess, að þjóð sín hafi ekkert samneyti við löndin í Efnahagsbandalaginu. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að í Noregi óskar þess enginn. En samskipti eru margvísleg, og menn greinir mjög á, hver háttur skuli hafður á þeim. Umræðurnar um bandalagið hafa orðið erfiðari, af því að það hefir verið villt um fyrir fólki og það látið halda, að allir, sem ekki eru með aðild, vilji, að landið einangri sig alveg frá bandalaginu. Þeir, sem eru hlyntir aðild, hafa stundum talað um að „vera utan við“, og með því hefur fólk leiðzt til að hugsa sem svo, að aðeins *twenní* sé til, full aðild eða fullkomin einangrun frá bandalagslöndunum. Með því að leggja málið fram á svo óraunsejan hátt, hefur margur maðurinn sem ekki leggst djúpt, sagt, að þó verðum við að járast undir fulla aðild, þó við gerum það ekki með glöðu geði.

Það má hafa ferns konar efnahagssamvinnu.

Í fyrsta lagi þess konar vöruskipti við bandalagslöndin, sem ekki styðjast við neitt sérstakt samkomulag fram yfir það, sem nú er eða hafa má innan ramna alþjóðatollasamningsins (GATT). Sameinuðu þjóðanna eða slkra alþjóðasamtaka, sem ekki eru í andstöðu við nokkra eina þjóð eða þjóðahóp.

Í öðru lagi kemur til álita að óska eftir því að gera viðskiptasamning við bandalagið. Viðskiptasamningur er tónabundinn eða að minnsta kosti uppsegjanlegur gagnkvæmt. Efni hans getur verið ýmislegt. Hann getur til að mynda bundið tolla og gjöld eða ákveðið reglur um ionflotoing og útflotning milli landanna tveggja. Samningurinn getur einnig kveðið á um, hversu mikil vöruskipti löndin skuli hafa. Ríkin geta skuldbundið sig til að selja eða kaupa ákveðið



vörumagn eða þau geta skuldbundið sig til að ýta undir iur-  
flytjendur og úrflytjendur í eigin landi til að gera slík kaup.  
Slík loforð gilda að svo miklu leyti sem ríkið tæður gerð-  
um borgaranna. Í samningnum er líka einnig tekið svo til  
orða almennt, að ríkið skuli gera ráðstafanir, sem auðveldi  
verzlun við hitt ríkið eða að minnsta kosti hefji hana ekki.  
Þetta var um þess konar samskipti við bandalagið, sem kalla-  
má viðskiptasamning.

Í þriðja lagi eru þess konar samskipti við bandalagið, sem  
kallað er aukaaðild. Í 131.—136. grein Rómarsamningsins eru  
ákvæði um aukaaðild fyrir nokkur lönd í öðrum heimasálfum,  
eins og þar er talið upp. Þetta eru lönd, sem áður voru ný-  
lendur eða verndarsvæði þeirra velda, sem nú eru í banda-  
laginu. Þessar sérstöku aukaaðildarreglur eru að minnsta við  
ekkert annað en túraun bandalagsríkjanna til að taka upp  
vinnubrögð í nýlendupólitik, sem henta núverandi ástandi í  
heimamálunum. Þessar sérstöku reglur varða ekki önnur  
lönd, sem velta fyrir sér að sekja um aukaaðild, nema að  
því leyti, sem þessar reglur í 131.—136. grein sýna býna vel  
hugsunarháttinn í löndum bandalagsins. Bandalagslöndin  
vilja halda áfram að arðræna gömlu nýlendurnar. Þau lönd,  
sem ekki hafa verið nýlendur, verða, ef þau óska að gerast  
aukaaðilar, að sekja um aukaaðild samkvæmt allt annarri  
grein, grein 238. — Þessi grein er örstutt og ákýrgreindir  
ekki nánar, hvað aukaaðild er. Formlega getur aukaaðild  
samkvæmt 238. grein því verið svo til hvað sem er, allt frá  
uppsægjanlegu samkomulagi, sem nær litlið lengra en við-  
skiptasamningur til þess að vera svo víðtæk, að hún verður  
í eðli sínu hið sama og full aðild. Þess vegna væri réttara að  
skilgreina nánar, hversu sterka aukaaðild miður á við eða  
að minnsta kosti taka fram, hvort átt sé við lausa eða nána  
aukaaðild. Venjulegur viðskiptasamningur getur tæplega kall-  
ast aukaaðild, þar sem hugtakið tollasamningur og viðskipta-  
samningur eru notuð í öðrum greinum til að mynda í grein-

num 111. 2 og 113. 1. Það er því undir því komið, hvaða afstöðu stofnanir bandalagsins taka, þegar samningar um aukaáðild fara fram, hvers konar aukaáðild tekst að ná samkvæmt 238. grein.

Bandalagsríkin hafa látið í ljós lastan ásetning sinn, að Rómarsamningurinn verði ekki aðeins teki í efnahagsmálum, heldur einnig áfangi að *pólitískri einingu*. Bandaríkin hafa reynt að styrkja þau í þeim ásetningi með því að þjarma að bandalagsríkjunum og þeim smáríkjum, sem nú hugleiða málið. Þess vegna er hyggilegt að ætla, að stofnanir bandalagsins muni ekki vera uppveðraðar fyrir því, að einhver ríki fái lausa aukaáðild, meira að segja spurning, hvort yfirleitt þýði að tala um aukaáðild. Ríki fær ekki ótvísett svar við spurningu um það, hvort því tekst að fá þess konar aukaáðild, sem það óskar, nema með samningum um aukaáðild, þar sem skýrt er tekið fram, hvað ríkið telur ekki koma til greina. Til að mynda fyrir Ísland það, sem Ólafur Thors forsetisráðherra sagði skýrum orðum 10. júní við United Press International: „Eitt er víst. Við látum ekki eftir þunlung af landhelginni við Ísland“ (heimild er Dagbladet, Osló, 12. júní).

Í fjórða lagi er svo full áðild að bandalaginu. Það er hin fulla áðild, sem felur í sér viðtækar, ævarandi og stórhættulegar afleiðingar.

Það, sem nú skiptir mönnum í flokka, er því annars vegar full áðild og hins vegar aðrir hættir í samskiptum við bandalagslöndin. Ef tekst að koma í veg fyrir lulla áðild, þá hefur landið athafnafrælsi áfram, og borgararnir geta á lýðræðislegan hátt rétt, hvern hátt þeir vilja hafa á samskiptum við bandalagslöndin. Mín skoðun er sú, að Noregur eigi, hvernig sem veltist, ekki að ganga lengra en gera viðskipta-samning við bandalagið. Það hindrar ekki, að ég á góða samvinnu við annan norskan hagfræðing í norsku starfsefndinni

í samtökum á móti aðild að Efnabagsbandalaginu, sem aðhyllist aukaaðild. Nú er barizt um fulla aðild.

Ekki þarf að nefna það, að margs konar samskipti má svo hafa við bandalagalöndin bæði í menningarmálum og öðru. Flestir munu taka undir það, þó að þeir hugsi sitt um efnabagssamskiptin.

*c) Það er auðvelt að hugast í bili með því að  
fjórna auðlindum.*

Nú þegar ég ræði afleiðingarnar af fullri aðild, þá vil ég fyrst segja ykkur þjóðsögu. Það er sagan um Guðbrand í Hlíð.\*)

Í stuttu máli er sagan svona: Guðbrandur og kerling hans ljuggu á lœ einum, sem stóð í hlíðinni á lágum hálsi. Því var hann kallaður Guðbrandur í Hlíð. Þau áttu jörðina og tvær kýr að auki. Svo sagði konan dag einn, að hún vildi, að þau seldu aðra kúna og fengju sér *vasapeninga*. Svo fór Guðbrandur að heiman að selja kúna. Á leiðinni skipti hann fyrst á kúnni og hesti, svo á hesti og grís, svo á grís og geit, svo á geit og á, svo lét hann ána fyrir gæs og gæsina fyrir hana. En þá varð hann svo hungraður, að hann var tilneyddur til að selja hana og keypti fyrir hann eina máltíð. Það er þó skárta að bjarga lífi sínu en eiga hana, hugsaði Brandur í Hlíð. Og það var mikið til í því. Svo kom hann tómhentur heim til kells.

Þessi litla saga finnst mér sýna vel, hvernig fer litilli þjóð, sem ekki getir auðlinda sína og tryggir ekki, að hún sjálf hafi ávallt óskoraðan yfirráðarétt þeirra.

Það er hæðarleikur litilli þjóð að læta kjöt síu með því

\*) P. Chr. Aabjörnsen og Jörgen Moe „Samleste Eventyr“. Annat títid, Ötu 1940.

aufmagni eftir að nýta þær, en þær kjarabætur standa stutt. Indjónar seldu í upphafi 17. aldar Hollendingum eyna Manhattan, þar sem nú er New York og kynntust þannig örugglega bæði brennivíninu og annarti blessun hinna góðu lífskjara. Og í nýlendunum í Asíu og Afríku hafa menn átt því líni að fagna síðustu aldirnar að hafa yfir sér erlenda herra, sem „byggðu upp atvinnulífið“, svo að notað sé ákunnugt orðalag frá vorum tímum.

Í upphafi þessarar aldar stjórnðu Noregi menn, sem sáu við slíkum blekkingum í atvinnumálum. Þeir settu lög um sérleyfi til að tryggja, að Norðmenn einir fengju að nýta auðlindir sínar. Síðustu árin hafa menn gleymt þessum sannindum svo gjórsamlega, að Noregur hefur meira að segja sendi-herra á Ierðinni til að bjóða erlent auðmagn velkomid til Noregs með kostakjörum, svo að hið erlenda auðmagn geti nýtt hráefna- og orkulindir vötar og „byggt upp atvinnulífið“, eins og komið er að orði. Og það þykir ekki nóg. Nú vilja meira að segja sumir sleppa erlendu auðmagni lausu með því að varpa Noregi í Efnahgsbandalagið.\*) Íslands vegna vona ég, að Íslendingar hugsi skýrar og muní sögnum af Brandi í Hlíð.

\*) Tæknin er tekið í þjónustu. Frá skrifstofu Iðkismannstos í Tönsberg er drófi smekklega prentuðum heblint: á ensku „Facts about Vestfold, South-Eastern Norway.“ Í honum eru félags myndir og greinargóð kort til þess gerð að lokka erlent auðmagn. Karlin sína meðal annars stjórna Vest-földar til Mið- og Vestur-Evrópu, og þar eru skýringar eins og þess: „The central location of South-East Norway in relation to the new European market grouping makes it a good place for new ventures aiming at coverage of the European market.“ „...First class industrial sites are available with access to good roads, railways and ice free harbours“... „Power from the mountains in the plains...“ „The price per kWh in Vestfold is abt. 2.8 öra per kWh on long term contracts...“ „There are large numbers of skilled workers... hourly earnings of adult male workers in industry varied between \$ 0.85 and \$ 1.18“

Álfomundur Guðbránda í Hlíð hafa ekkert lært.

d) *Auðhringarnir nýta hráefna- og orkulindir í  
fátækum löndum tillitslaust.*

Nú á tímum hefur auðhringjum tekizt að hagnýta sér hið frjálsa hagkerfi þannig, að þeir hafa beitt láguðum vinnubrögðum til að nýta hráefna- og orkulindir til að auðgast á. Vinnubrögðin eru svo láguð, að fólk almennt kemur ekki auga á þau. Til þess er beitt alþjóðakerfi með aðalfélög og dótturfélög og alls konar klekjum þeirra á milli. Þar sem er gróðavon eru sett upp fyrirtæki til að „efla atvinnullífið“. En reksturinn er stöðvaður á samri stundu, þegar hann hættir að bera sig eða auðlindirnar þrotnar eða verðlagið verður óhagstætt og starfsfólkið er skilið eftir bjargarlaust. Og meðan fyrirtækið starfar, er almennigur félflettur með alls konar leyndri einokunarstarfsemi.

Sumir hugga sig með því, að í Rómarsamningnum eru ákæði um *eftirlit* með auðhringjum. Bandaríkjamenn hafi um fjölda ára haft löggjöf til að hafa eftirlit með því að samtök fyrirtækja misnoti ekki aðstöðu sína.

Það er óttalegur barnaskapur að ímynda sér, að slík laga-  
setning geti haldið aftur af auðhringjunum í hagkerfi, sem á að mótast af frjálsum viðskiptum. Það er eins og ætla að berjast í frumskógi að næturlagi með venjulegum her-  
sveitum, sem æfðar eru að ganga í fylkingu: Einn, tveir, einn, tveir, vinstri snú, eins og reglugerðin kennir. Samsteypannar grunda út tíu nýjar leiðir til að misnota aðstöðu sína í hvert sínu sem reynt er með löggjöf að koma í veg fyrir misnotkun. Ameríska samsteypan General Electric hefur verið dæmd 29 sinnum fyrir brot á lögum um auðhringa, en hún blómgastr eftir sem áður.

e) Óðagotshræðsla við að þjóðin tæpi á því  
að vera ekki fullgildur aðili.

Í Noregi er eða að minnsta kosti hefur verið áberandi óðagotshræðsla: „Við getum ekki verið utan við.“ „við verðum að vera með, þó að það þyki ekki gott“ og svo framvegis. Þessi ótti er orðinn til og honum er haldið við víða á fólkskum forsendum.

Til að mynda hefur verið dreift útreikningum, sem hafa skelft fólk, án þess að nokkur heil brú væri til í þeim. — Dæmi: Útreikningur, sem á að sýna, að norskt timbur notað í línan pappír verði látið bera þungar tollaálögur, ef Noregur verður ekki með. Þessar þungu „tollaálögur“ hafa ekki orðið til nema með einu móti, með því að reikna tollaálögur á aðra framleiðsluþætti með, eins og þær legðust á timbrið. Niðurstaðan verður út í bláinu. Útreikningurinn sýnir „tollaálögur“ á norskt timbur, sem nema 65 krónum á rúmmetra, en innlenda verðið er nú við 90 krónur. Til að sýna, hvað útkoman er fjarlægðukennnd, þá hef ég notað nákvæmlega sömu reikningsaðferð á rafmagnið, sem notað er til að framleiða línan pappír. „Tollaálögurnar“ verða þannig 25,7 aurar á kílóvatttíma, en innlenda verðið er nú fæðit aurar. Og ef sama reikningaðferðin er notuð á skrifstofuvinnu við framleiðslu á línum pappír, þá lást út tollaálögur upp á 4,2 milljónir króna í tola á ársvinnu skrifstofustólku, ef Noregur tekur ekki þátt í bandalaginu.

Ef við ætlum að halda okkur við jörðina, þá á að reikna tollaálögurnar á útflutninginn allt öðru vísi. Þá verður að bera þær saman við heildartekjur þjóðarinnar. Þá kemur í ljós, að tollaálögurnar nema aðeins litlu broti af þjóðartekjunum.

f) *Skakkt mat á áhrifum sérhæfingar þjóða.*

Því er oft haldið fram til að mæla með sameiginlegum markaði í Vestur-Evrópu, að með því væri mikið unnið, af því að þá myndu þjóðirnar sérhæfa framleiðslu sína enn meir.

Má sýna með hagfræðilegum útreikningum, að þetta er rétt, eða láta menn tillfinningarnar hlaupa með sig í gönur?

Þetta er þjóðhagsleg spurning. Hér er um að tæða sérhæfingu þjóða. Henni verður ekki lýst með því að benda á hin alkonnu áhrif sérhæfingar innan fyrirtækis eða meðal fárra fyrirtækja. Þau áhrif þekkja verkfræðingar.

Bandarískur hagfræðingur, *Tibor Scitovsky* að nafni, hefur með því að nota sér heimildir frá hollenzka hagfræðingnum, *P. J. Verdoorn*, framkvæmt útreikninga, sem benda til þess, að ávinningurinn við frekari sérhæfingu eins og gæti orðið með þeim vinnubrögðum, sem stefnt er að með Rómarsamningnum, sé „hlægilega litill“. Þó að heimildirnar gætu verið betri og útreikningarnir séu djarflegir, þá verður ekki hlaupið yfir niðurstöðurnar.

g) *Skakkt mat á skilyrðum fyrir efnahagslegar framfarir.*

Reynslan kennir okkur, að meðal þjóða, þar sem frjálst hagkerfi, eins og Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir, ríkir, muni þjóðartekjurnar aukast um 3½% á ári til lengdar. Þetta á við, ef við viljum halda okkur við jörðina, en sleppum allri óskhyggju, sem birtist í lögrum orðum í stefnuskránn.

Þetta eigum við að bera saman við það, sem getur orðið, ef við verðum utan bandalagsins og *notum okkur þau tækifæri til að stýra þjóðarskiutunni*, sem þjóðast þá. Við þurfum alls ekki að taka upp eins þrælbundinn áætlunarbúskap og Sovétríkin nota til dæmis. Fyrir mína parta efast ég ekki um,

\*) „*Economic Theory and Western Integration*“, London, 1959, p. 67.

að með því að nota vinnubrögð, sem í senn heyra undir skynsamlegan áætlunarhúskap og eru í fullu samræmi við vestræna lýðræðishugsjón, þá geti framfarirnar orðið 5% eða svo á ári að meðaltali til lengdar. Ekki minna.

*h) Rómarsamningurinn felur í sér sjálfvirka bremsu*

Það má lýsa ástæðunni til þess, að framfarirnar verða minni til lengdar í þess háttar hagkerfi, sem mun ríkja samkvæmt Rómarsamningnum, með því að hugsa sér bíl, sem er útbúinn sjálfvirkri bremsu, sem tekur alltaf í rveimor mínútum eftir að bíllinn er kominn á góða ferð. Þegar hann hefur hægt á sér, þá losnar bremsan, svo bíllinn komist aftur á ferð. Þannig gengur ferðin rykkjótt. Bíll, sem er útbúinn slíkri sjálfvirkri bremsu, kemst sjálfsagt á viðunandi ferð stuttan tíma. Það eru góðu árin, þegar allir hafa nóg að gera.

En það er að blekkja sig að halda, að góðu árin, þegar hagvöxtur er til þess að gera þó nokkur, sýni rétta mynd af þeim vexti, sem náð verður að meðaltali til lengdar við hagkerfi frjálsra viðskipta.

Vestur-Þýskaland, Ítalía og Frakkland eru ágæt dæmi um það, sem ég hef sagt. Nokkur undanfarin ár hefur verið talsverður vöxtur í efnahagslífi þeirra. Það hefur leitt til þess, að ýmsir ímynda sér, að þessi vöxtur sýndi, að hann byggðist á öflun, sem verkuðu til frambúðar. Þessi ímyndun hefur tvímælalaust átt ríkan þátt í því, að brezka stjórnin hefur óskað upptöku í bandalagið.

*i) Nú er stöðnun í löndum Efnahagsbandalagsins og afturför að hefjast.*

Þegar í fyrra hafði ég orð á því við vini mína, að ég vonaði, að það drægist sem mest á langinn, að Norðmenn samþykktu að hefja samninga við bandalagið. Tíminn mundi flotta



ljópnun ofan af blekkingunni um framleiðsluaukninguna í Vestur-Pýzkalandi, Ítalíu og Frakklandi.

Góðu heilli er nú svo komið, að menn taka að átta sig. Ég tek Pýzkaland sem dæmi. Nú er ljóst orðið, að hinu mikli vöxtur er að staðna. — Verkbeiðnum fækkar og iðnfuríon Alfríed Krupp sagði nýlega, að sá tími sé liðinn, þegar menn gátu lagt áherslu á að framleiða sem mest. Hið þekktu hagfræðitímarit Financial Times segir í því sambandi, að nú séu tímamót í sögu Pýzkalands. Efnahagsráðgjafar Vestur-Þjóðverja, Ludwig Erhard, hefur sent frá sér neyðarkall og beðið menn að hægja ferðina. Í fyrra var engin aukning í iðnaðarframleiðslu Vestur-Pýzkalands, og í undirstöðu-íðnaði, eins og járn- og málmframleiðslu, var beinlínis samdráttur um hvorki meira né minna en 5%. Verðfallið mikla á kauphöllum í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu undanfarið bendir í sömu átt. Svona er ástandið oftast, þegar bremsan fer að taka í stuttu eftir að vöxturinn er orðinn nokkurn veginn viðunandi. Bremsurnar taka í, af því að það eru engin tæk á því, þar sem hagkerfi frjálsra viðskipta ræður, að gera hvort hvort tveggja í senn að ná viðunandi vexti og halda verðbólgunni niðri. Þegar vöxturinn er á góðum vegi, verða stjórnunálamennirnir hræddir við verðbólguna og neyðast til að gera ráðstafanir til að halda aftur af. Þetta er alkunnugt úr sögunni, þar sem hið frjálsa hagkerfi ræður.

Þ) Með fullri aðild er lítil þjóð afskorin þeim vaxtarshilyrðum í heimsviðskiptum, sem vert er að tala um

Aðild að Efnahagsbandalaginu stendur meðan heimur stendur. Því að eitt einstakt land getur ekki sagt henni upp (240. grein).

Þegar því þjóð á að taka afstöðu til þess, hvort hún eigi að sækja um aðild, verða menn að skilja hreyfinguna í efnahagsþróuninni lítið yfir langan tíma. Það er blindur maður,

sem aðeins hugleiðir stöðuna eins og hún er nú eða verður næstu árin.

Það, sem fyrst og fremst breytir stöðunni, þegar fram í sækir, eru hin miklu lönd og þjóðir í þeim hlutum Aslu, Afríku og latnesku Ameríku, sem nú eru kallaðir vanþróaðir. Þegar menn hugsa út í það, hvað gengið er hart fram í því í löndum þessum að koma af stað hröðum hagvexti, og hversu góður vilji er til að *hjálpa* til þess meðal ýmissa iðnaðarþjóða og í alþjóðastofnunum, þá er augljóst, að það er meðal hinna vanþróðu þjóða, að vænta má þeirrar þenslu í efnahagslífi heimsins, sem vert er að tala um. Þessi væði munu innan tíðar skipta talsverðu máli, og þegar tímar líða þá munu þau eiga drjúga hlutdeild í kaupmætti heimsins og stækkandi. Viðskiptasambönd við þessi svæði eru því mjög mikilvæg þjóð, sem vill tryggja lag sinn í *framtidinni*. Það á ekki síst við um smáþjóðir.

Vanþróðu löndin, sem nú eru orðin frjáls raunverulega, en hala ekki einungis skipt á gamalli nýlendukúgun og nýrri, þar sem eru tengsl við Efnahagsbandalagið, þau eru á *móti* bandalaginu. Örfá dæmi: Indverjinn Nehru sagði: — „Efnahagsbandalagið verður miklu áhrifameira teki til að halda þróunarlöndunum í skeljum en nokkurt nýlenduveldi hefur nokkuð sinni haft ráð á.“ Nkrumah í Ghana sagði: — „Efnahagsbandalagið er teki til að halda óbreyttu ástandi meðal ríkra þjóða og fátækra.“ Tom Mboya í Kenya sagði: „Með Efnahagsbandalaginu eru gömlu nýlenduveldin að reyna að ná aftur tökum á ríkjunum í Afríku,“ og einnig: „*Okkur er best borgið með því að skipta við Evrópuríki utan Efnahagsbandalagsins.*“

Það rekur hrátt að því, að öll þau lönd, sem nú eru vanþróuð, verði raunverulega frjáls og geti rekið sjálfstæða viðskiptastefnu. Nú þegar stefna vanþróðu löndin að því að koma á sameiginlegum markaði með sér. Á þessum mörkuðum mun verða miklu dýpri skilningur á þeim *skilyrðum*,

sem verður að fullnægja til þess að takast megi að ná hröðum hagvexti og varanlegum. Þessi lönd munu ekki á sama hátt og hinum sameiginlegi markaður Vestur-Evrópu staðna í hinu óupplýsta peningaveldi.

Smáþjóðirnar, sem velta nú fyrir sér aðild, verða því að spyrja sig, hversu miklu tjóni þær munu verða fyrir við innngöngu í Efnahagsbandalagið, af því að þá munu þær sjálfkrafa gera sér erfiðara um vik að taka þátt í þeirri þenslu í heimsviðskiptum, sem vert er að tala um, þegar lítið er fram í tímann. Ég er í engum efa um, að það tjón verður miklu meira en skammtar ávinningur af aðild, ef hann er þá nokkur.

*k) Undanþágur hafa takmarkað gildi.*

Margir hafa leiðt til að mæla með, að reyndir séu samningar um fulla aðild, af því að þeir hafa óljósar hugmyndir um, að land, sem er fullgildur aðili, geti fengið undanþágur, til að mynda almenna undanþágu frá frjálsum rétti til að reka og eiga fyrirtæki og frjálsum fjármagnsflutningi og sérstakar undanþágur til að efla atvinnulífið í ákveðnum landslötum og undanþágu vegna landbúnaðar- og sjávaráfurða (kallaðar landbúnaðarafurðir í 38. grein) vegna sérstakra aðstæðna frá náttúrunnar hendi.

Umráður um undanþágur hafa aðallega verið notaðar til að komast hjá að ræða kjarna málsins. Þó að þjóð eigi formlega að geta fengið einstaka undanþágur, getur samningurinn bundið þjóðina á öðrum sviðum, svo að hún geti ekki notið hinna sérstöku skilyrða. Reglur samningsins verður að skoða í heild. Fyrst svo mikið hefur verið talað um undanþágur verða menn að gera sér ljóst, hvaða undanþágur koma til greina samkvæmt samningnum og hvers virði þær eru þjóðinni.

Þegar um er að ræða samning, sem þátttökulandi getur

aldrei sagt upp sjálft, skipta undanþágur til bráðabirgða ekk  
máli, heldur þær undanþágur, sem eru í fyrsta lagi *varan  
legar*, í öðru lagi varða *grundvallaratriði* og í þriðja lagi, sem  
þjóðin getur *tryggt sér*.

Grundvallarundanþágur almenns eðlis koma ekki til  
greina samkvæmt anda og orðalagi samningsins. *Ráðið* ákveð  
ur, hvaða grundvallarundanþágur vegna uppbyggingar at-  
vinnulífs í sérstökum landslutum og varðandi laurbónaðar-  
og sjávarafurðir koma til greina. Að aðlögunartíma liðnum  
teður vegna meirihluta Ráðsins því. Það ráð, sem nú sit-  
ur, getur samt ekki gert bindandi samþykktir, sem binda  
öll ráð, sem síðar ráða, um varanlegar grundvallarundanþág-  
ur á þessu sviði. Það væri sama og breyta samningnum. (Sam-  
anber tilmátnörkunin í grein 2. í í bókun vegna Luxem-  
borgar). Ef trygging fengist, yrði að bóka hana og samþykkja  
þá bókun einróna sem hluta af samningnum við innngöngu  
landsins sem fullgildur aðili.

Það er ekki óhugsandi, að stórpólitískar óskir um, að uná-  
þjóðirnar á Norðurlöndum verði fullgildir aðilar, valdi því,  
að forystuþjóðir í bandalaginu vilji nokkuð á sig leggja, svo  
að samningamein unáþjóðanna í Brüssel geti komið heim  
með undanþágur, sem mörgum geti virzt aðgengilegar.

Þjóðin verður að vera tortryggín á slíkar undanþágur. Það  
verður að athuga vandlega, hvort undanþágurnar eru *varan-  
legar* og áu tilmátnörkunar og tryggðar, það er að segja að  
þær séu ekki háðar síðari samþykktum í bandalagsstofnun  
eða verði breytt af henni. Og að því verður að hyggja, að  
undanþágurnar hafi ekki fengist með því að snúa út úr eða  
ganga fram hjá ákveðnum í gildandi samningi. Ef ein umtal-  
þága eða fleiri er orðin til á þennan hátt, er engin trygging  
lýtur, að undanþágurnar verði ekki síðar gerðar gagnslausar  
með útrúnuðing.

1) *Aðeins það að hefja samninga um julla aðild er  
hættulegt litilli þjóð efnahagslega.*

Því er stundum haldið fram af fylgjendum aðildar, að enginn sé skaðinn, þó að hafnir séu samningar um aðild. — Það er einungis til þess að „lá skilyrðin skýrð“, svo við getum síðan tekið ákvörðun, þegar þau eru kunn. Þessi rök hafa verið mikið notuð í Noregi.

Þannig er ekki rétt að leggja málið fram. Í fyrsta lagi af því að allt, sem máli skiptir og fólk þarf að vita, má lesa í Rómarsamningnum og í ótal yfirlýsingum og ummælum forystumanna í bandalaginu. Og í öðru lagi af því að aðeins það að hefja samninga um aðild bindur þjóðina mörgum böndum. Ég ætla að skýra mál mitt með því að drága upp mynd.

Hygginn og reyndur skógarnaður kemur einur að stórt skógartjörn snemma hausts. Tjörnin er nýlögð ísi. Hann ætlar yfir um. Er vogandi að stytta sér leið og fara heimi? Það hefði hann gert, hefði hann vitað betur og vitað, að vel tækist.

Það er ein auðsæ leið til að verða meira vísari, að leggja út á ísinn. Þá mundi hann vita betur. En það er lífshættulegt að afla sér vitneskju á þann hátt. Hygginn og reyndur skógarnaður létur sér ekki detta í hug að fara þannig að. Ég held, að myndin skýri málið.

Að þessu sinni ætla ég aðeins að minnast á, hvernig samningaumleitanið binda landið í atvinnumálum. Þau bönd verður að bera saman við það, sem ég hef nýlega sagt (undir lið 2j og 2k) um lættarnar við að standa utan við vöxtinn í heimsbúskapnum þegar fram í sekir og um það, hversu takmarkað gildi undanþágur hafa. Síðar (í 7. og 8. kafla) mun ég tæða um meiri lættur á pólitíska sviðinu.

Aðeins það að hefja samningsumleitanið mun strax valda margs konar ákvörðunum í atvinnulífi þjóðarinnar. Það verða gerðar framkvæmdir og fjöldi breytinga í framleiðsluháttum til þess að aðlata efnahagslíf landsins ástandinu í Fina-

hagsbandalaginu. Þeir nokkur að halda því fram í alvöru, að þjóðin sé fjáls að taka lokaákvörðun, þegar að því kemur? Hvaða flokkur mun voga að *sá þessar breytingar teknar aftur?*

Erlent auðmagn mun einnig þjótt undirbúa eða hefja framkvæmdir í landi, sem hefur hafið samninga um aðild. Nú þegar skipuleggja erlend stórfyrirtæki miklar alúminíumverksmiðjur í Noregi. — Við aðild munu *erlendir* auðhringar, en ekki Norðmenn sjálfir, nýta hinar miklu orkulindir, sem valda því, að Noregur hefur góð skilyrði teknilega séð til að reka orkufrekar útflutningsiðngreinar. Mér hefur verið tjáð, að erlendir auðhringar kaupí upp dönsk ostaútflutningsfyrirtæki. Ef svo fer, að Noregur og Danmörk yrðu fullgildir aðilar, þá munu menn verða hrifnir harkalega úr „alúminíumrómantíkinni“ í Noregi og „ostarómantíkinni“, sem nú ræður í Danmörku. Þetta eru aðeins tvö dæmi. Mörg ömur mætti nefna. Það er sagau af honum Guðbrandi í Hlúð einu sinni enn.

### 3. Skerðing á félagslegu öryggi.

Miklu skiptir, að þjóðartekjurnar vaxi. En jafnmikilvæg er *skiptingin* á ávöxtunum meðal borgaranna og það *öryggi*, sem borgararnir hafa um atvinnu, þó að á ýmsu velti í viðskiptalífinu, og öryggi fyrir þá og fjölskylduna í veikindum og elli. Og síðast en ekki síst er mikilvægt, að borgararnir, hvort sem störf þeirra þykja merkileg eða ómerkileg, vinni störf sín við þau skilyrði frá þjóðfélagsins hálfu, að þeir njóti sín á víðustað og hafi á tilfinningunni, að þeir taki þátt í að *skapa eitthvað* og eitthvert *tillit* sé tekið til þeirra í fyrirtækinu. Allt þetta ræður því, hvort hagkerfið sýni ekki aðeins vöxt þjóðarframleiðslunnar í tölum talinn, heldur líka hvort *velferð* einstaklinganna verður eins og ækilegt er.

Þróunin síðustu öldina sýnir, að í flestum iðnaðarlöndum

hefur félagsleg velferð borgaranna aukizt stórum. Nú eru Norðurlönd mjög framarlega á þessu sviði. Svíþjóð líklega fremst þeirra. En sum lönd Vestur-Evrópu fylgja fast eftir, sum standa jafnvel Norðurlöndum jafnfætis á *sumum* sviðum, jafnvel framar. Og öll megum við vera legin því, að Félagsmálasamningur Evrópu er spor í rétta átt. Noregur hefur nýlega samþykkt 15 af 19 greinum hans.

Sagan knýr þessa þróun áfram. Allt er þetta okkur fullkunnugt. Spurningin er aðeins, hvaða öfl munu ýta andir þessa þróun og það, sem meira varðar, hvaða öfl munu *hamla* á móti henni.

Það er kjarni málsins, þegar við leitum svars við því, hvort-ig Efnahagsbandalagið muni bregðast við þróuninni í átt til velferðarríkis.

Eins og bandalagið er byggt upp, hlýtur það að *hamla* á móti velferðarþróun. Því hagar ekki, að í samningnum er í lögrum orðum í stefnuskránni talað um velferð manna, meðan samningurinn bannar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar, svo að þróunin megi ganga hröðum skrefum í þá áttina. Kerfi, sem svo mjög er mótað af frjálsnum viðskiptum og sleppir tæmum af auðlringunni eins og Rómarsamningurinn, hlýtur að hamla á móti velferðarþróuninni.

Svo að fyrirtæki í einhverju landanna, — hvort heldur það er útlutningsfyrirtæki eða heimamarkaðs, — geti orðið samkeppnislert sem einkafyrirtæki, verður þjóðin að sjá til þess, að skattar á fyrirtæki verði lágir og ekki hærrí en í öðrum aðildarlöndum. Þar af leiðir, að ríki og sveitarfélög fá minna upp í hendurnar til félagsmála. Og þjóðin má ekki heldur halda *hauðinu* uppi og hún verður að sjá til þess, að ekki verði gert of mikið fyrir verkafólk á öðrum sviðum.

Dæmi: Krafa um fjögurra vikna orlof í Noregi. Norskir vinnuveitendur munu fá afbragðs rök á móti svo löngu orlofi. Þeir munu segja, að fyrirtækin þoli ekki slíkar áhögur, eins og samkeppnin sé hnifjöfn við fyrirtækin í *öðrum* banda-

lagalöndum. Og vinnuveitendur í þeim löndum munu nota nákvæmlega sams konar rök. Í reynd mun samningurinn þannig verða áhrifamikill teki í höndum vinnuveitenda landalagsins til að hafa taumhald á verkafólki.

117. grein samningsins segir í almennum orðum, að kjör launþega og aðbúð verði að bæta. En hún segir ekkert *ákvæðið* og er engin trygging launþegum.

Félagsnálagsgjöldur samningsins er helzt ætlaður til að hjálpa mönnum að skipta um starf og stétt og breytir engu um lífskjör verkafólks almennit, hvorki á vinnustað né á heimili.

Á þessum hátt og með öðru móti fer ekki hjá því, að efna-  
lagslíf aðildarríkjaanna verði stöður við hæfi hinna fátæku og  
smáu. Auðlusingarnir, gróðasjónarmiðið mun fá einstakt  
tekifæri á kostnað hins óbreytta borgara. Og þegar ég tala um  
hinn óbreytta borgara, á ég ekki aðeins við verkafólk og starfs-  
menn, heldur líka handverkamenn og atvinnurekendur með  
lítil eða meðalstór fyrirtæki á öllum sviðum athafnalífsins.

Það má rekja mörg dæmi í Rómarsamningnum, sem sýna  
þetta ótvírætt. Að þessu sinni nefni ég aðeins eitt dæmi:

Grein 39. 1a lýsir þeirri stefnu að bæta framleiðsluhætti  
í landbúnaði og vinna að því, að framleiðsluhættir landbú-  
naðarins, sér í lagi vinnuaflið, séu notaðir, þar sem þeir gefa  
mest af sér. Og næsti liður, 39. 1b, segir enn fremur að stefn-  
an sé að tryggja þeim, sem að landbúnaði starfa á þann hátt  
(ainsi) réttlát lífskjör, sérstaklega með því að auka tekjur  
þeirra (leturbreyting gerð af mér).

Hér er því ekki sagt annað en það, að bæta eigi kjör sveita-  
fólks með því að bæta framleiðsluhætti í landbúnaði, eins  
og lýst er í grein 39. 1a. Það er sem sagt ekki sjálfstætt mark-  
mið að bæta kjör sveitafólks, jafnréttihátt markmiðinu í 39.  
1a. Ef svo væri, mundi talað um að neyta einnig *annarra* ráða  
en þeirra, sem talað er um í 39. 1a. Í samningnum er ekki  
minnst á það, að velferð sveitafólks sé neitt sérstakt félags-  
legt vandamál eða að fólksflutningar úr sveitum verði þjóð-



ina nokkru og að þau mál verði að skoða frá öðrum sjónar-  
höfli og neyta annarra ráða til að leysa þau en þeirra, sem eru  
tengd getu atvinnugreinarinnar til að alla fjár við söðu á fram-  
leiðslu sinni.

Í þýðingu norska utanríkisráðuneytisins á Rómarsam-  
ingnum eru aðalorðin „á þann hátt“ í grein 39. Hs. ekki með  
svo að meiningin gjörbreytist. Sú breyting er í sömu átt og  
hin ónákvæma þýðing á grein 3 f (samanber kafla 2a að fram-  
an). Sjálfsagt kemur til greina, að villurnar séu í bæði skiptin  
pennaglop og séu af tilviljun í sömu átt í bæði skiptin.

#### 4. Áfall fyrir lýðræðið.

Hvergi nýtur lýðræðið sín eins og meðal fámennra menntu-  
ingarþjóða. Því hafa smáþjóðirnar ein hlutverki að gegna.  
Þær eru meira að segja *æ nauðsyulegri* vinar, þar sem lýð-  
ræðið getur staðist í heimi, þar sem harka ræður í efnahags-  
málum og stjórnmálum yfirleitt. Lýðræðið á *æ erliðara*  
uppdráttar, eftir því sem þjóðir heimsins skípa sér fastar í  
valdablakkir í efnahagsmálum, stjórnmálum og hernáttum.

Sjálfstjórn sveitarfélaga í Noregi og annars staðar á Norð-  
urlöndum, hin *líttu* þjóðríki, sem hvíla á sjálfstjórn sveitar-  
félaganna, þroskuð pólitísk samtök og stéttasamtök hjóða ein-  
staklingnum skilyrði til að taka þátt í stjórn landsins á lýð-  
ræðislegan hátt. Einstaklingurinn mun tapa þessum réttindum,  
ef eitthvert Norðurlanda verður fullgildur aðili í miklu  
ríkjasambandi, sem stjórnað er af einhættismönnum og þar  
sem ráða þau lögmál í efnahagsmálum og stórpólitísk mark-  
mið eins og Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir. Valdamestu  
stofnanirnar í bandalaginu eru *ekki valdar af alþýðu manna*.  
Þingið er aðeins ráðgefandi í öllum venjulegum málum.  
Þingið getur því aðeins tekið í taumana, að *hveppa* sé. Þá  
getur þingið afsagt Nefndina með tveimur þriðju atkvæða  
(114 gr.). Ef svo fer verður *öll* nefndin að leggja niður stöf.

## 5. Glötun æðri verðmæta.

Oft hefur það verið svo, að ég hef getað sagt fyrir um það, hvaða afstöðu fólk, sem mér er kunnugt, hefur til Efnahagsbandalagsins. Mér hefur nægt að þekkja það til þess.

Það hlýtur að vera eitthvað ákveðið við lífsskoðun fólks, sem hefur áhrif á afstöðu þess til sameiginlegs markaðar, sem er byggður upp og hefur þau markmið, sem Rómarsamningurinn gerir grein fyrir.

Að vissu leyti á það skýlt við *efnishyggju*. Það nær því þó ekki alyeg. Hér er um að ræða sérstaka gerð efnishyggju, gerð, sem hefur þróað mjög áberandi í grónum iðnaðarlöndum á Vesturlöndum og á ventanlega þegar öllu er á botninn hvolft drýgstan þátt í spennunni milli Vesturlanda og Austurlanda.

Ef ég á að skýra, hvaða æðri verðmæti verða fyrir hnekki í því skipulagi, sem á að ráða í Efnahagsbandalaginu, verð ég að taka heimspeki Austurlanda til samanburðar. Óþarfi er að vera að taka fram, að sú samanburður hlýtur að sýna, hvað ég persónulega á við með æðri verðmætum.

Takmarkið með öllum framlörum er annað og æðra en að hætta lífshjúrin. Það er menning, andi og siðgeði. Það er sú lífslísta að hjálpa öðrum.

Þessi mikla speki er arfur, sem við höfum hlúið frá löngu hugsaðum og spekingum á Austurlöndum. Hann hefur borið okkur aftan úr öldum í ýmsum myndum, en alltaf er áherslan lögð á sjálfsflugun, rósemi, gæzku og skyldurekni, en ekki á jarðneskar þorfir.

Ef verk verður að viona, má ekki gera það til að hagnast á því eða ná völdi yfir öðrum, heldur af gæzku og skyldurekni. Mahatma Gándhí hefur dregið þessar göfugu eigindir í hina frægu setningu: Ósegjanlega mikil andstaða gegn hinu illa og um leið ósegjanlegur kærleikur til þess, sem gerir illt.

En *meira vildi* en jafnvel hið göfugusta verk er að ganga

Í sjálfan sig, komast til skilnings og öðlast sálarfrið. Með því einu að æfa svo andann, verða menn frjálst frá veraldlegri blekkingu, heimsins lýsum og þjáningum.

Það er þess virði að athuga, að þessi eilífa speki er enn í góðu gildi í hinum fátæku löndum Austurlanda, sem standa svo framarlega í menningu, listum og andlegu lífi, þó að hún sé að kalla gleymd og grafin í hinu margbrotna lífi fólks í iðnaðarlöndum Vesturlanda — Hún er svo gleymd og grafin, að fólki virðist það „uppgötva“ eitthvað nýtt og stórmerkilegt, ef það sér glitta í þessa speki. Til að mynda hefur mikið verið ritað um þá „uppgötvun“, að það sé nauðsynlegt að finna nýtt *takmark* fyrir efnahagslíf kaupvæðra iðnaðarlanda.

Það blasir æ betur við, að hin aukna framleiðslugeta þessara landa þjónar ekki framar raunverulegum, heilbrigðum þörfum fólks. Til þess að geta selt neytluvöru með hagnaði á frjálsum markaði, er nauðsynlegt að búa stöðugt til nýjar þarfir, sem troðið er upp á neytendur með alls konar misjafnlega líguðum sölumaunsklekjum, með því að hvetja fólk til að kaupa út á krít og með því að notkera sér á samvirkulausan hátt lærdælu hins óbreytta borgara við að láta koma fram, að hann hafi ekki efni á því, sem *hinnir* hafa efni á.

Útrýming heilsuspillandi íbúða, lætt heilsuvernd, alþýðu-lærdæla og kennslunál, list handa alþýðu manna, lærti elli-laun og aðrar tryggingar, allt eru þetta þarfir, sem sannarlega þarf ekki að búa til, en ekki verður fullnægt af öðrum en hinu opinbera. Og enn mætti lengi telja mikilvæg verk-efni. Þarfirnar eru til, en þær eru láttnar sitja á hakanum og fylgja hægt á eftir hinum almennu framförum. Ástæðan er sú, að það *borgar sig* ekki að fullnægja þessum þörfum, það er ekki hægt að græða á þeim. Í hinu frjálsa hagkerfi borgar sig betur að nota framleiðslugetu þjóðarinnar til að búa til

og síðan fullnægja kaupvældum þjófum, sem verða æ brjál-  
aðiskemmdari.

Þannig eru hinar vel staðu iðnaðarþjóðir að komast í al-  
gjöra andstöðu við hina austrænu speki. Það er orðið svo  
mikið eirðarleysi á fólki í hinum grónu iðnaðarlöndum og  
allt sýst um það, hvernig megi verða sér úti um nýjustu  
tekni til ávegju og skemmtunar — og hvernig eigi að borga  
elztu reikningana.

Það er eugin tilviljoni, að þessi þróun, sem leiðir til  
óþreyju og spennings, hefur orðið samtímis því, að fólk til-  
biður hávaðann, viðbjóðinu og fjarstaðurnar í öllum list-  
greinum. Og hún hefur orðið samtímis því, að glepamennska  
meðal unglinga og fullorðinna vex óhugnanlega og æ fleiri  
verða sálsjúkir.

Efnahagsbandalagið hlýtur að leiða Vesturlönd ein leugra  
á þessari ógæfufærð, þar sem peningastjórnmáli og samkeppni-  
shugsun er breytt yfir allt annað.

## 6. Fölsk alþjóðrækni.

Þeir, sem læzt eru að sér í málu og menningarsögu, halda  
því ofilega fram, að við höfum auðgæð menningu okkar með  
áhrifum frá Vestur-Evrópu. Þetta er hárrétt. Í ávarpi, sem  
Hreyfingin á móti aðild að Efnahagsbandalaginu, birti 16.  
desember í fyrra, var líka lögð áhersla á þetta. Þar segir:  
„Við erum tengd evrópski menningu traustum böndum.“  
En við megum ekki láta vesturevrópska menningu rugla okk-  
ur í rúminu. Eins og nú er högum háttað í heimi hér, er  
vesturevrópskur renningur miklu hættulegri samri alþjóð-  
rækni en norskur þjóðrenningur.

Ég nefni áðan (meðal annars í kalla 2j), að Efnahags-  
bandalagið væri í andstöðu við aðra hluta heimsins. Sú stefna  
er alveg sama eðlis og hún gamla velþekktu verndarstefna og

séræðingshátturinn, sem svo mikið tjón hafa unnið. — Ég verð nú að nefna tvö dæmi til að skýra þetta.

Fyrra dæmið er um stefnu bandalagsins í landbúnaðarmálum. Hana á að samræma og landbúnaður bandalagsins á að komast á hagkvæmari grundvöll. Til þess þarf fé, og það byggst bandalagið lá með því að leggja álitlegan toll á húvöru frá löndum utan bandalagsins. Þar á að slá tvær flugur í einu höggi. Landbúnaður innan bandalagsins verður samkeppnistæfari og um leið stendur landbúnaður utan bandalagsins verr að vgi í samkeppni.

Auðvitað verður þessi stefna mikið áfall þeim löndum, sem utan við eru. Það á ekki sít við löndin í brezka samveldinu. Skiljanlega hefur þetta atriði gert Bretlandi erlitt fyrir við samninga um aðild. Útflutningur frá Júgóslavíu, Úruguay og svo framvegis verður einnig fyrir því barðinu.

Hitt dæmið var um afstöðu bandalagsins til þeirra 16 landa, sem nú eru tengd bandalaginu, en áður voru nýlendur eða verndarsvæði.

Þessi 16 vanþróuðu lönd höfðu, meðan samíð var um tengsl, óskað eftir aðstoð frá bandalagsríkjunum sex næstu fimm árin. Upphæðin var *lítilþjörleg*. En bandalagsríkin létu „frjálsu“ nýlendurnar 16 vita, að þær yrðu að setta sig við einni mínu. Um þetta urðu langar umræður. Lægsta tilboðið var frá Hollandi og nam 136 milljónum dollara á ári í 5 ár. Ég gizkaði á,\*) að upphæðin yrði 200 milljónum dollara á ári. Nú er upphæðin ákveðin „til bráðabirgða“. Það er nú aðeins 160 milljónum dollara á ári í fimm ár. Það nemur 0,98 <sup>0/100</sup> af vergri þjóðarframleiðslu bandalagsins samkvæmt tölum frá árinu 1959).

Til samanburðar má nefna, að aðstoð Noregs við þróunarlöndin samþykkt af Stórþinginu í vetur nemur 1,12 <sup>0/100</sup> af vergri þjóðarframleiðslu Noregs (sama ár, 1959) og að mark-

\*) Hefal annars vegna afhugasemdar í Le Monde, París, 11. apríl 1962.

niðrið er fyrst um sinn 2,50 <sup>0/00</sup>. Því verður sennilega náð þegar á næstu fjárlögum. Og markmið Sameinuðu þjóðanna er 100 <sup>0/00</sup>. Noregur mun vafalaust stefna að því endanlega.

Þegar talað er um „aðstoð“ við þróunarlöndin\* á ég aðeins við gjafir (á fjárlögum eins og í Noregi eða frá sértökum hjálparstofnunum) og lán með kostakjörum og þess háttar. Fjárfesting, sem einkafyrirtæki framkvæma í þróunarlöndum í gróðaskyni, á ekkert skylt við „aðstoð“. Það er einungis ívámhald á gömlu nýlendustefnunni að nytja auðlindir og vinna af þróunarlandanna. Auk þeirrar upphæðar, er bandalagið í heild veitir gömlu nýlendunum, hafa sum ríkjanna sex veitt aðstoð með tvíhliða samningum eða á annan hátt. Einkum hefur Frakkland aðstoðað nýlendir sínar. Skýrslur eru ekki nógu nákvæmar, að skipta megi upphæðunum nákvæmlega í ólíka staði. Og hugtakið „aðstoð“ er ekki heldur stegilega skýrt. Það skiptir þó ekki miklu. Nákvæmari sundurliðun á liðunum mun ekki breyta verulega þeirri hugmynd okkar um alþjóðrækt Efnahagsbandalagsins, sem tölurvar að framan sýna.

Varðandi þróunarlöndin almennt hefur bandalagið ekki átt neinn hlut í því að festa verðlag á hráefni og um leið lækka það eða fella niður tolla eða lækka þá mikið á hráefni og iðnaðarvöru frá þróunarlöndunum. Þó varðar það efnahag þróunarlandanna miklu meira en bein aðstoð í peningum.

Efnahagsbandalagið er og verður þróingsýn *Evropuhyggja*. Sameinuðu þjóðirnar og Norðurlönd — eins og þau hafa hag að sér *hingað til* — eru fulltrúar sannrar alþjóðahyggju.

\* ) Á Norðurlöndum er nú farid að kalla vanþróuðu löndin þróunarlönd. Þýð.

## 7. Forræði Þjóðverja

Öll hljóttun við að vera innilega þakklát því, að nú virðist vera bundinn endir á hinar þrálátu styrjaldir milli Þýskalands og Frakklands. Meðal annars má þakka það Rómarsamningnum.

Þó að við gleðjumst yfir þessu, megum við ekki ruglast svo í ríminu og segja eins og sunir forystumenn í norska Verkamaðnalokknum, að smáþjóðirnar á Norðurlöndum eigi að varpa sér í bandalagið sem fullgildir aðilar, mér liggur við að segja fórná sér fyrir Molok, til þess að *treysta* seitirnar milli Þýskalands og Frakklands. Að mínu viti þá er það mjög vanhugsað á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi þá er ekki lætta á, að Þýskaland og Frakkland fari nú að berjast innbyrðis. — Stríðshættan er nú allt annars eðlis og hættulegrí en svo. Stríðshættan í heiminum er nú allt önnur en hún var í lok síðustu heimstyrjaldar. Ég hygg, að flestir átti sig á því, hvað ég á við án nánari skýringar. Þeir, sem horfa sig blinda á samskipti Þýskalands og Frakklands, „skipuleggja fyrir liðna tíð“, svo að notað sé orðalag frá Vilhelm dósent Aubert við Oslóatháskóla. Við verður að hafa það hugmyndaflug og vera svo þjálfir í hugsum að við sjáum fram á veg, en ekki aftur í tímann. Það, sem var ef til vill hyggileg og raunse pólítík fyrir 20 árum, verður ekki ætíð hyggileg og raunse pólítík nú. Í rauninni verður svo hýsna sjaldan.

Það er furðulegt, hvað æðstu hershöfðingjar hafa stundum lítið hugmyndaflug og eru lokaðir fyrir því, sem framundan er. Þeir eru oft svo uppteknir af því að fullkomna vopn, sem réðu úrslitum í síðasta stríði, að þeim gleymist að horfa fram á veginn. Gott dæmi um það er Maginotlínan mikla í Frakklandi, sem reist var eftir heimstyrjöldina fyrri. Í fyrri heimstyrjöldinni var mest barizt í skotgröfum. Þess vegna héldu menn, að öruggast væri að húa sig undir næsta stríð með

Því að reisa Maginotlínuna miklu í Frakklandi. En mesta styrjöld, það er að segja heimastyrjöldin síðari, varð með allt öðrum hætti, auðvitað, mátti eiginlega segja. Þá réðu brynvarðar akriðdrekahersveitir og fallhlífasveitir úrslitum. Þannig fóru Þjóðverjar einfaldlega í kringum Maginotlínuna. Það var því ekki til neins að skipuleggja fyrir liðna tíð. Þannig eru einnig friðarmálið nú. Þau eru allt annars eðlis en þau voru í lok heimastyrjaldarinnar síðari.

Í öðru lagi eru rökun fyrir því, að smáþjóðirnar á Norðurlöndum verði að ganga í Efnahagsbandalagið til að tryggja frið milli Þýskalands og Frakklands, reist á algjörlega skökku mati á hugunarhætti Þjóðverja.

Ymsir hafa lengi skilið hugunarhátt þeirra. Og nýlega hefur hann komið mjög greinilega fram, meðal annars í ummælum Heinrichs von Brentano, formanns þingflokks kristilegra demókrata, flokks Adenauers í vesturþýzka þinginu. Hann var áður utanríkisráðherra Vestur-Þjóðverja.

Samkvæmt endursögu frá 16. marz vill von Brentano, að utanríkisstefna Efnahagsbandalagsins verði samræmd *smám saman* á sama háti og efnahagslífið, meðal annars með því að hafa *sameiginlega sendifulltrúa*. von Brentano er í þessu rökvið. Þannig hlýtur að fara í bandalagi, sem er fullkomið í efnahagsmálum.

Rök von Brentanos eru í hæsta máta eðlileg af sögulegri ástæðu. Þau eru í eðlilegu framtíðaldri af prússnesku viðhotti til heimans. Fyrst komu Prússar á tollabandalagi og tengdu þannig Þýskaland efnahagslega, en síðan hlaut að fylgja eftir pólitísk sameining Þýskalands með sameiginlegri utanríkisstefnu og sameiginlegum, þýzkum sendifulltrúum. — Næsta skrefið voru tilraunir Stór-Þjóðverja að læra út veldið og reyna að koma á þýzku drottinvaldi á heimsmælikvarða. Fyrstu tvær tilraunirnar misheppnuðust. Eins og nú háttar til hlaut stórþýzka hugmyndin að verða framkvæmd öðru vísi, það er að segja með Efnahagsbandalaginu. *Skref fyrir skref*



skal stefnt að þýzku drottinvaldi, en vinnubrögðin eru eftir því, sem við á á hverjum tína.

## 8. Heimsríðnum stafar hætta af hernaðarbandalögum.

Þeir, sem ekki vilja koma auga á þá hætta, sem ég hef rætt um, eru jafn barnalegir og bandamenn voru að lokinni heimsstyrjöldinni fyrri.

Þá létu þeir undan skref fyrir skref, þar til Þýzkaland var aftur búið til ársar. Og þeir, sem halda því fram, að lítil þjóð eins og Norðmenn og aðrar Norðurlandþjóðir geti haft aftur af Þjóðverjum með því að vera í sama háti og þeir, þeir hafa ekki hert neitt af sögunni og hljóta að vera ruglaðir í ríminu. Norðurlönd hafa öðru og merkara hlutverki að gegna. Ef þau ráða sig ekki í skiprúm með Þjóðverjum, fá þau tekifæri til að sýna heiminum dæmi um *raunverulegt lýðræði* bæði pólitískt og efnahagslegt. Og þau munu þá hafa tekifæri til að draga úr þeirri dauðahættu, sem hernaðarbandalögin eru nú.

Einu raunseju og áhyrgu viðbrögðin, sem koma til greina fyrir þjóðir Norðurlanda, er að *bíða og sjá hvað setur*, ef þær vilja hugsa um sína eigin framtíð og framtíð heimsins, bíða þar til staðreyndirnar hfaa sannfært Norðurlandabúa um innsta eðli Efnahagsbandalagsins í efnahagsmálum og stjórnáttum yfirleitt. Það er ekkert það í Rómarsamningnum, sem segir að þau lönd, sem dragi að gerast aðilar, nái lakari kjörum.